

# HÚSAFRÍÐUNARNEFND RÍKISINS

## ÁRSSKÝRSLA



2003

Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar  
og yfirlit styrkveitinga úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd í júní 2004

Mynd á forsíðu: Syðstabæjarhúsið í Hrísey ©Húsafriðunarnefnd

Umbrot og hönnun: Ragnar Jón Gunnarsson og Hilmir Berg Ragnarsson

*Öll réttindi áskilin.*

*Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið*

## Ávarp

---

Allt frá er Húsafriðunarnefnd var sett á laggirnar í ársbyrjun 1970 hefur það verið meginverkefni hennar að meta hvaða hús sé rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra. Það er ánægjulegt að geta greint frá því, að þess munu fá dæmi ef nokkur, að ráðherra hafi friðað jafn mörg hús og mannvirki og árið 2003. Þar skipa veglegan sess fjögur tímamótaverk Guðjóns Samúelssonar, fyrrum húsameistara ríkisins, aðalbygging Háskóla Íslands, Þjóðleikhúsið, Sundhöll Reykjavíkur og Héraðsskólinn á Laugarvatni, en friðunarskjál hans undirritaði Tómas Ingi Olrich, þáverandi menntamálaráðherra, við hátíðlega athöfn á Laugarvatni í tilefni af 50 ára afmæli menntaskólans þar. Þá er ekki síður ástæða til að geta þess, að á árinu voru friðlýstir að tillögu nefndarinnar og í samræði við Siglingastofnun Íslands 7 vitar sem reistir voru á árabílinu 1897-1948. Með þeim gjörningi er sjónum beint að mannvirkjum sem fram að þessu hafa sett ljós sitt undir mæliker á vettvangi listar og menningar. Í hófi, sem haldið var í Gróttu á Seltjarnarnesi 1. desember í tilefni af 125 ára afmæli vitapjónustu á Íslandi, undirritaði starfandi menntamálaráðherra Geir Haarde friðunarskjölin að viðstöddum samgönguráðherra Sturla Böðvarssyni, siglingamálastjóra og fleiri góðum gestum.

Á undanförunum árum hefur góðu heilli tekist að styrkja stöðu Húsafriðunarsjóðs frá því sem áður var og munar þar mestu um stórhækkað framlag úr ríkissjóði, en framlag sveitarfélaga hefur frá upphafi sjóðsins verið í fullkomnu samræmi við lög. Húsafriðunarnefnd tók upp þá nýbreytni árið 1996 að veita árlega veglegan styrk til átaksverkefnis í hverjum landshluta. Nam styrkur þessi 2,5 milljónum króna árið 2003. Nýbreytni þessi er orðin föst í sessi og skilar árangri; framkvæmdir taka nú mun skemmri tíma en áður og skila margföldum áhrifum langt umfram það verkefni eitt sem í hlut á hverju sinni. Að undanförunu hefur fjárlaganefnd alþingis fetað í fótspor Húsafriðunarnefndar og veitt styrki til viðhalds og endurbóta húsa, sem greiddast úr Húsafriðunarsjóði. Styrkir þessir, sem í mörgum tilvikum eru nálægt því að vera þrefaldir á við átaksstyrki Húsafriðunarnefndar, koma að góðum notum, þar sem þeirra er þörf, en því er ekki að leyna að þeir draga að sama skapi úr vægi þeirra síðarnefndu. Hugur Húsafriðunarnefndar stendur til þess að móta í samvinnu við fjárlaganefnd samræmda stefnu þar sem styrkveitingum yrði framvegis beint í markvissan og öruggan farveg og Húsafriðunarnefnd gegndi hlutverki faglegs umsagnaraðila, í samræmi við tilgang laga um húsafriðun.



## Hlutverk Húsafriðunarnefndar

Húsafriðunarnefnd starfar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001 og húsafriðunareglugerð. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi.

Hlutverk Húsafriðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald eða endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafriðunarsjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir öll friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannana og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

Í apríl 1996 gekk þáverandi Húsafriðunarnefnd frá stefnuskrá og starfsreglum nefndarinnar sem kynntar voru menntamálaráðuneytinu og staðfestar af þjóðminjaráði. Ný stefnuskrá var tekin saman og samþykkt af Húsafriðunarnefnd 2002 og kynnt menntamálaráðherra.

Í áætlun vegna árangursstjórnunar má sjá hvernig að nefndin hyggst haga verkefnum og rannsóknum næstu árin.

## Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarnefnd stjórnar Húsafriðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafriðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita þar að lútandi.

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr Húsafriðunarsjóði samkvæmt reglugerð um sjóðinn nr. 479 frá 30. nóvember 1993.

Umsóknir til sjóðsins þurfa að berast fyrir 1. desember ár hvert.

Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.



Sauðanesviti nyrðri. © Magnús Skúlason, Húsafriðunarnefnd ríkisins.

## Húsafriðunarnefnd

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn húsafriðunar í landinu.

Menntamálaráðherra skipar Húsafriðunarnefnd til fjögurra ára í senn. Arkitektafélag Íslands tilnefnir einn fulltrúa, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn og þrír fulltrúar eru skipaðir án tilnefningar.

Varamenn eru skipaðir með sama hætti. Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi nefndarmanna. (2. grein laga nr. 104/2001)

### Í Húsafriðunarnefnd sitja sem aðalmenn:

**Þorsteinn Gunnarsson** arkitekt, formaður

**Pétur H. Ármannsson** arkitekt, sem varaformaður

**Nikúlás Úlfar Mátsson** arkitekt

**Guðmundur Þór Guðmundsson** lögfræðingur

**Einar Njálsson** bæjarstjóri

### Í Húsafriðunarnefnd sitja sem varamenn

**Júlíana Gottskálksdóttir**, forstöðumaður, fyrir P.G.

**Gylfi Guðjónsson**, arkitekt, fyrir P.H.Á.

**Guðrún Kristinsdóttir**, safnstjóri, fyrir G.P.G.

**Ingunn Guðmundsdóttir**, formaður bæjarráðs, fyrir E.N.

**Lýður Pálsson**, safnstjóri, fyrir N.Ú.M.

**Þjóðminjavörður** hefur seturétt á fundum Húsafriðunarnefndar.

## Starfsmenn Húsafriðunarnefndar

### Forstöðumaður

Magnús Skúlason arkitekt

### Aðstoðarmaður forstöðumanns

Ragnar Jón Gunnarsson arkitekt

### Í sérverkefnum

Jón Pálsson arkitekt

Húsafriðunarnefnd hélt 10 fundi á árinu, þar sem m.a. var fjallað um áætlanir vegna framkvæmda við friðuð hús og önnur hús, sem hafa listrænt og menningarsögulegt gildi, innra starf nefndarinnar og styrkumsóknir í húsafriðunarsjóð. Þá hélt nefndin sína árlegu eftirlitsferðum um landið, að þessu sinni um Norð-Austurland.

Af friðuðum húsum, sem nefndin hafði afskipti af eru þessi helst: Alþingishúsið, breytingar á forsal og viðgerðir á útveggjum, Aðalstræti 16 og viðbyggingar við það, húsin við Hafnarstræti 16 og 18 og Garðastræti 23, Vaktarabær, öll í Reykjavík; ennfremur faktorshúsið í Neðstakaupstað, Ísafirði og salthúsið á Þingeyri. Þá hafði nefndin afskipti af sex friðuðum kirkjum, Bíldudalskirkju, Eskifjarðarkirkju, Fríkirkjunni í Reykjavík, Ingjaldshólskirkju, Sauðaneskirkju og Landakirkju í Vestmannaeyjum og stækkun safnaðarheimilis við hana.

Af öðrum markverðum húsum, sem nefndin hafði afskipti af, skulu þessi nefnd: Gamla skólahúsið á Bíldudal, hús Guðspekifélags Íslands í Ingólfsstræti 22, Vesturgata 3 og loks Austurbæjarbíó við Snorrabraut, Húsafriðunnefnd samþykkti að hefja könnun á hvort efni sé til að gera tillögu til menntamálaráðherra um að friða húsið. Af öðrum markverðum húsum, sem nefndin hafði afskipti af, skulu þessi nefnd: Gamla skólahúsið á Bíldudal, hús Guðspekifélags Íslands í Ingólfsstræti 22, Vesturgata 3 og loks Austurbæjarbíó við Snorrabraut, en nefndin skoraði á borgaryfirvöld að heimila ekki niðurrif hússins og finna leiðir til að varðveita það. Þegar engin svör bárust ákvað nefndin að kanna hvort efni væru til að gera tillögu til menntamálaráðherra um að friða húsið.

Nefndin taldi ekki tilefni til varðveislu ratsjárstöðvarinnar á Stokksnesi, en mæltist til að staldrað yrði við með niðurrif svo unnt yrði að skrá og ljósmynda mannvirkið. Þá taldi nefndin að ástæða

væri til að skoða húsið Háteigsveg 11, Akranesi, nánar í samráði við Bygðasafn Akraness áður en til niðurrifs kæmi.

Á árinu var gengið frá samningi vegna árangursstjórn við menntamálaráðuneytið til þriggja ára. Byggir samningurinn á Stefnuskrá Húsafriðunarnefndar 2002.

## Kynnisferð

Húsafriðunarnefnd fór í kynnisferð um Norð-Austurland dagana 16.-18. júlí. Á Akureyri var ráðslagað um varðveislu Wathnehúss, á Svalbarðseyri skoðaði nefndin gamla kaupfélagshúsið, síðan kirkjurnar á Hálsi, Ljósavatni og Einarstöðum.

Á Húsavík átti nefndin fund á vettvangi með sóknarnefnd Húsavíkursóknar, skoðaði síðan endurbætur á íbúðarhúsinu á Héðinshöfða í fylgd Jónasar Bjarnasonar bánda viðgerð á Skinnastaðarkirkju ásamt sóknarnefnd.

Á Raufarhöfn skoðaði nefndin Raufarhafnarkirkju og Raufarhafnarvita. Á Sauðanesi átti nefndin óformlegan fund með sóknarpresti og sveitarstjóra Þórshafnar um varðveislu kirkjunnar; skoðaði einnig prestssetrið sem nú er frágengið og í húsasafni Þjóðminjasafns. Kirkjurnar á Svalbarði og Skeggjastöðum voru skoðaðar, sömuleiðis kaupmannshús á Bakkafirði.


Á Vopnafirði skoðaði nefndin m.a. kirkju og safnaðarheimili í fylgd formanns sóknarnefndar, Kaupang í fylgd bæjarstjóra og Hofskirkju í fylgd prófests. Þá var Bakkagerðiskirkja skoðuð í fylgd sóknarprests og gjaldkera sóknarnefndar, loks kirkjur á Héraði og gistihúsið á Egilsstöðum. Auk þess sem upp er talið kynnti nefndin sér viðgerðir fjölmargra húsa sem hlotið hafa styrk úr húsafriðunarsjóði.

## Útgáfustarfsemi

Til útgáfu Húsafriðunarnefndar telst, auk heimasíðu, ritröðin Kirkjur Íslands og leiðbeiningarit um uppælingar húsa og hitt um steinuð hús.

- Áður útgefin leiðbeiningarit eru:
1. hefti: **Trégluggar** 1996
  2. hefti: **Húsakannanir** 1997
  3. hefti: **Útveggir, grind og klæðning** 1998
  4. hefti: **Skrá yfir friðuð hús** 2000


Steinuð hús



Uppæling húsa



Kirkjur Íslands 4



## Leiðbeiningarit

Á árinu voru gefin út tvö leiðbeiningarit annað um uppælingar húsa og hitt um steinuð hús.

### Uppæling húsa

Ritið byggist annars vegar á fyrirlestrum sem fluttir voru á málþing Húsafriðunarnefndar um sama efni. Hins vegar á kynningu á aðferðum og tækjum sem notaðar eru við uppælingu húsa.

Höfundar fyrirlestra eru þeir:

Erik Hansen: *Um uppælingu*

Þorsteinn Gunnarsson: *Uppæling sem forsenda endurbyggingar og Sabinsky múrari mælir upp Halldórukirkju*

Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon: *Uppæling torfhúsa*

Jón Pálsson: *Urðarkirkja og turn Akranesarkirkju*

Ragnar Jóni Gunnarsson í samvinnu við Jon Nordsteien: *Inngangur að uppælingatækni*

### Steinuð hús

Rit um steinuð hús var gert í samvinnu við verkfræðistofuna Línuhönnun hf. sem lagði til þá Ara Trausta Guðmundsson og Flosa Ólafsson sem höfunda.

Bæði ritin voru sett upp hjá Húsafriðunarnefnd af þeim Jon Nordsteien og Ragnari Jóni Gunnarssyni.

## Önnur leiðbeiningarit

Hjá Húsafriðunarnefnd liggur fyrir áætlun um útgáfu nýrra leiðbeiningarita. Þau helstu eru:

**Endurskoðuð Friðunarskrá.** *Bætt verði við hana myndum, lýsingum og dæmum af uppælingum. Sama skrá verður svo sett upp á heimasíðu.*

**Hefilstrik og listar.** *Rannsókn á hefilstrikum, listum og innri klæðningum gamalla húsa.*

**Litir.** *Í undirbúningi er leiðbeiningarit um liti og litanotkun.*

## Kirkjur Íslands

Ár 2003 kom út fjórða bindi í ritröðinni **Kirkjur Íslands** og með því lýkur umfjöllun um kirkjur í Árnesprófastsdæmi.

Að ritröðinni standa, auk Húsafriðunarnefndar, Biskupsstofa og Þjóðminjasafn Íslands, sem jafnframt eiga fulltrúa í ritnefnd ritraðarinnar.

Ritstjórar eru þeir Árni Björnsson dr. phil og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt.

Höfundar eru þau Guðmundur L. Hafsteinsson, Garðar Halldórsson, Gunnar Bollason, Páll Lýðsson, Samúel Örn Erlingsson, Þór Magnússon og Þóra Kristjánsdóttir.

## Friðun húsa

Kirkjur	2004
Önnur hús	168
Vítar	7
<b>Friðuð friðuð mannvirki alls</b>	<b>379</b>

Á árinu friðaði menntamálaráðherra Tómas Ingi Olrich eftirtalin hús að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar:

Háskóli Íslands, aðalbygging	1935
Héraðsskólinn á Laugarvatni	1928
Þjóðleikhúsið	1928
Sundhöll Reykjavíkur	1929
Syðstabæjarhúsið í Hrísey	1885
Aðalstræti 4, gamla apótekið Ak.	1859
Listasafn Einars Jónssonar	1921
Norræna húsið	1963
Laugavegur 2	1887
Gamli kvennaskólinn, Rvík	1878
Grettisgata	1908
Vallakirkja	2003

Ráðherra skrifaði undir friðunarskjal vegna gamla Héraðsskólans á Laugarvatni við hátíðlega athöfn á Laugarvatni í tilefni af 50 ára afmæli menntaskólans þar. Við það tækifæri flutti formaður ávarp og kynnti starfsemi Húsafriðunarnefndar.

Þá friðaði ráðherra Vallakirkju í Svarfaðardal samkvæmt tillögum nefndarinnar sem byggðar voru á álitserð arkitektanna Guðmundar Guðmundssonar og Þorsteins Gunnarssonar, en þar segir m.a. að með tilliti til friðunar beri einkum að líta til þess, að um nákvæma eftirlíkingu gömlu kirkjunnar sé að ræða, og hins, að allt handverk sé í afar háum gæðaflokki.

Garðskagaviti	1897
Reykjanesviti	1907-1908
Hríseyjarviti	1920
Arnarnesviti	1921
Dyrhólaeyjarviti	1927
Malarrifsviti	1946
Þjargtangaviti	1948

Starfandi menntamálaráðherra Geir Haarde undirritaði friðunarskjölin 1. desember í hófi, sem haldið var í tilefni af 125 ára afmæli vitáþjónustu á Íslandi, í Fræðasetrinu í Gróttu að viðstöddum samgönguráðherra Sturlu Böðvarssyni, siglingamálastjóra, Húsafriðunarnefnd og fleiri góðum gestum.

## Ráðgjöf og fræðsla


Eftir að Húsafriðunarnefnd réð sér starfsmann til að sinna daglegum störfum nefndarinnar milli funda, fyrir rúmum áratug, hefur nefndin veitt hagsmunaaðilum faglega ráðgjöf um viðhald og endurbyggingu gamalla húsa. Ráðgjöfin er veitt með ýmsu móti, ýmist á skrifstofu nefndarinnar eða á vettvangi. Auk þess hefur nefndin haldið námskeið fyrir iðnaðarmenn um ofangreint efni í samvinnu við ýmsa aðila, m.a. menntafélag byggingariðnaðarins, þar sem Magnús Skúlason, forstöðumaður nefndarinnar, hefur haldið fyrirlestra með skýringarmyndum.

Hönnun endurbygginga fer ekki fram á vegum nefndarinnar. Nefndin gefur aftur á móti út leiðbeiningarrit um sitthvað sem lýtur að viðgerðum og gömlu handverki, eins og fram kemur í næsta kafla, og felur auk þess forstöðumanni að glæða áhuga arkitekta á hönnun endurbygginga.

## Byggingarsögulegar rannsóknir

Húsafriðunarnefnd hefur látið vinna áfram að byggingarsögulegum rannsóknnum á friðuðum kirkjum í samræmi við staðfesta stefnuskrá sína. Er þar annars vegar um að ræða uppmælingar kirkna á vettvangi og hins vegar uppskriftir á biskups- og prófastsvísitasum á Þjóðskjalasafni Íslands. Áætlað er að rannsóknnum þessum ljúki árið 2007.

# Húsafríðunarsjóður



Styrkumsóknir 2003 voru alls **219** en styrkveitningar voru **147**. Styrkir námu samtals **129.800** þús.kr. 2003.

## Upphæð styrkja eftir flokkum:

*Fjöldi styrkja (sýnt sem stólpárit) og fjöldi umsókna (sýnt sem línurit)*

*Heimild: Húsafríðunarnefnd*

## STYRKUMSÓKNIR 2004

	Styrkir	Upphæð
FRÍÐUÐ HÚS:	19	9.400
FRÍÐAÐAR KIRKJUR:	20	14.400
HÚS Á SAFNASVÆÐUM:	7	19.300
RANNSÓKNARVERKEFNI:	0	0
HÚSAKANNANIR:	0	0
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjavík	14	3.350
ÖNNUR VERKEFNI: Reykjanes	10	8.250
ÖNNUR VERKEFNI: Vesturland	10	5.700
ÖNNUR VERKEFNI: Vestfirðir	18	21.350
ÖNNUR VERKEFNI: Norðurland	19	17.300
ÖNNUR VERKEFNI: Austurland	17	18.250
ÖNNUR VERKEFNI: Suðurland	12	12.500
<b>147</b>	<b>129.800</b>	

## HÚS Á SAFNASVÆÐUM

Sandar vestri, Görðum Akranesi	1901	300
Stúkuhús, Háteig 11, Akranesi	1916	<b>4.000</b>
Pakkhúsið, Ólafsvík	1844	<b>4.000</b>
Norska húsið, Stykkishólmi	1832	<b>7.000</b>
Faktorshúsið í Neðstakaupstað, Ísaf.	1765	2.500
Hafnargata 34-35, Vélsmiðja, Seyðisf.	1907	500
Húsið á Eyrarbakka, Eggjaskúr		<b>1.000</b>
		<b>19.300</b>

## Einstaka styrkir eftir flokkum

### FRÍÐUÐ HÚS

Austurstræti 16, Reykjavík	1917	200
Hafnarstræti 1-3, Reykjavík	1868	400
Laugavegur 2, Reykjavík	1887	500
Tjarnargata 18, Reykjavík	1906	100
Tjarnargata 28, Reykjavík	1906	300
Þingholtsstræti 29, Reykjavík	1899	100
Riis-hús, Borðeyri, 500 Brú	1862	600
Villa Nova, Sauðárkróki	1903	500
Aðalstræti 4, gamla apótekið, Ak	1859	500
Aðalstræti 14, Gudmanns Minde, Ak	1836	<b>3.000</b>
Aðalstræti 46, Friðbjarnarhús, Ak	1856	300
Bjarkarstígur 6, Davíðshús, Akureyri	1944	200
Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir	1903	200
Hafnarstræti 11, Laxdalshús, Ak	1795	400
Hafnarstræti 20, Höepfnershús, Ak	1911	400
Hafnarstræti 57, Samkomuhúsið, Ak	1906	1.000
Lækjargata 2a, Frókenarhúsið	1824	150
Sæbyhús, Siglufirði	1886	50
Faktorshúsið á Djúpavogi	1848	500
		<b>9.400</b>

### FRÍÐAÐAR KIRKJUR

Útskálakirkja	1889	500
Kálfatjarnarkirkja	1893	400
Hjarðarholtskirkja í Stafholtstungum	1895	200
Ingjaldshólskirkja	1903	700
Brjánslækjarkirkja	1908	300
Saurbæjarkirkja á Rauðasandi	1885	250
Þingeyrarkirkja við Dýrafjörð	1911	<b>7.000</b>
Hólskirkja, Bolungarvík	1908	500
Bænhúsið í Furufirði	1899	100
Reynistaðakirkja, Skagafirði	1870	300
Viðvíkurkirkja	1886	200
Bakkakirkja í Öxnadal	1843	200
Grundarkirkja í Eyjarfirði	1904	200
Illugastaðakirkja í Fnjóskadal	1860	400
Húsavíkurkirkja	1907	1.000
Skinnaðarkirkja við Öxarfjörð	1855	700
Vopnafjarðarkirkja	1902	600
Villingaholtskirkja	1911	50
Torfastaðakirkja í Biskupstungum	1893	300
Kotstrandarkirkja í Ölfusi	1909	500



---

## Önnur verkefni - landshlutar

### ÖNNUR VERKEFNI; NORÐURLAND

Brekkugata 2, Hvammstanga	1910	200	
Sýslumannshúsið á Kornsó	1879	250	
Bjarmanes, Skagaströnd	1913	<b>7.000</b>	
Aðalgata 23, Ytrahús, Siglufirði	1905	200	
Hávegur 60, Hlíðarhús, Siglufirði	1898	250	
Herhúsið, Siglufirði	1914	<b>2.000</b>	
Norðurgata 1, Maðdómuhús, Siglufirði	1884	1.000	
Austurvegur 14, Hrísey	1879	100	
Gamla syðstabæjarhúsið, Hrísey	1885 - 1886		<b>3.000</b>
Leikhús á Möðruvöllum í Hörgárdal	1881	250	
Aðalstræti 10, Berlín, Akureyri	1902	200	
Aðalstræti 34, Davíðsbær, Akureyri	1877	200	
Hafnarstræti 96, París, Akureyri	1913	150	
Wathnehús, Akureyri	1895	200	
Kaupangur, Eyjafjarðarsveit	1920	150	
Flateyjarkirkja í Flatey á Skjálfanda	1955	150	
Hraunsrétt í Aðaldal	1836	<b>1.000</b>	
Verslunarhús Kaupfél. Þingeyginga, Húsavík	1883	300	
Gamla íbúðarhúsið að Héðinshöfða á Tjörnesi	1880		700
		<b>17.300</b>	

### ÖNNUR VERKEFNI; VESTURLAND

Hvítanes I, Skilmannahreppi		200	
Pakkhús í Borgarbyggð	1887	<b>2.000</b>	
Skúlagata 17, Englendingavík	1885	<b>1.000</b>	
Ferjukot, Borgarhreppi	1894	75	
Galtarholt II, Borgarbyggð	1895	225	
Grundarbraut 1, Jónshús, Ólafsvík	1892	200	
Mýrarholt 8, Kaldilækur, Ólafsvík	1905	<b>300</b>	
Hafnargata 9, pakkhús, Stykkishólmi	1899	500	
Smiðjustígur 6, Stykkishólmi	1914	200	
Staður í Reykhólasveit	1950	<b>1.000</b>	
		<b>5.700</b>	

### ÖNNUR VERKEFNI; VESTFIRÐIR

Flateyjarkirkja á Breiðafirði	1926	<b>2.000</b>	
Prestbústaðurinn á Brjánslæk	1912	400	
Pakkhúsið á Patreksfirði	1896	150	
Aðalstræti 27, Skjaldborg, Patreksfirði	1934	<b>5.000</b>	
Gamli bærinn á Sveinseyri, Tálknafirði	1880	200	
Strandgata 6, Svalborg, Bíldudal	1880	150	
Íbúðarhúsið Botni, Geirþjófsfirði, Arnarfjörður	1886	50	
Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar, Þingeyri	1913	<b>7.000</b>	
Hlíð við Núp í Dýrafirði	1905	50	
Hafnarstræti 3-5, Flateyri	1898-1908	200	
Gamli barnaskólinn, Ísafirði	1906	1.000	
Mánagata 4, Hjálpræðishershúsið, Ísaf.		200	
Mjallargata 5, Ísafirði	1856	200	
Sundstræti 21, Amsterdam, Ísafirði	1850	150	
Kópnes, Hólmavík	1916	200	
Brekkugata 4, Bragginn, gamla félagsheimilið, Hólmavík	1944-1946	<b>4.000</b>	
Kollsá, Bæjarhreppi, Strandasýslu	1924	200	
Ólafshús, Borðeyri	1924	200	
		<b>21.350</b>	


---

### ÖNNUR VERKEFNI; REYKJAVÍK


Bárugata 12	1929	200
Klapparstígur 11, Stóra-Klökk	1907	300
Hrannarstígur 3	1928	150
Laufásvegur 4	1899	200
Laugavegur 31	1929	200
Mjóstræti 4	1885	200
Njálsgata 13b	1908	300
Óðinsgata 8b	1909	200
Reynisstaður við Skildinganes	1874-1923	150
Hljómskálinn við Skothusveg	1922	600
Suðurgata 14	1904	200
Tómasarhagi 16 b, Litlibær	1893	200
Vesturgata 48, Reykjavík	1896-1914	250
Garðar við Ægisíðu	1882	200
		<b>3.350</b>

*Feitletraðir styrkir eru af fjárlögum*

---



Styrkir eftir árum og upphæð styrkja (stólparit).  
Leiðrétt með byggingarvísitölu og reiknað aftur til baka (línurit).



Styrkir til friðaðrar húsa, friðra kirkna eftir árum og upphæð styrkja.